

Borgarráð

Vogabyggð - list í almenningsrýmum

Lagt er til að borgarráð samþykki að efnt verði til samkeppni, einnar eða fleiri, vegna gerðar og útfærslu listaverka í fyrirhugðum almenningsrýmum í Vogabyggð. Listasafni Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssviði verði falin framkvæmd samkeppnarinnar í samstarfi við SÍM (Samband íslenskra myndlistarmanna), skipulagsarkitekta Vogabyggðar og starfshóps um uppbyggingu í Vogabyggð. Skipuð verður sérstök dómnefnd sem velur eitt eða fleiri listaverk til útfærslu og verður þar farið eftir samkeppnisreglum SÍM. Niðurstaða samkeppninnar skal liggja fyrir í lok árs 2018.

Gert er ráð fyrir að varið verði allt að 150 m.kr. til listskreytinga í almenningsrýmum, þ.e. götum, torgum og opnum svæðum í Vogabyggð.

Greinargerð

Markmiðið er að velja til samstarfs listamann/listamenn til að vinna að listaverkum til útfærslu í almenningsrýmum í Vogabyggð. Í deiliskipulagi Vogabyggðar kemur fram að listaverk skuli vera hluti af heildarhönnun almenningsrýma í hverfinu. Það er í samræmi við stefnu borgaryfirvalda og hluti af samningsmarkmiðum við núverandi lóðahafa á svæðinu.

Samkeppnin verður lokuð samkeppni með opnu forvali. Val á höfundum til þátttöku í samkeppninni verði með þeim hætti að áhugasömum verði boðið að senda inn nafn sitt, ferilskrá og annað sem viðkomandi telur að geti aukið líkur þess að vera valinn til þátttöku í verkefninu. Valdir verða 3-5 listamenn sem svo senda inn útfærðar samkeppnistillögur.

Við endanlegt val á listaverki/listaverkum verður haft að leiðarljósi að velja verk sem styrkja þau markmið deiliskipulags Vogabyggðar að myndlist verði veigamikill og afgerandi hluti umhverfis og mannlífs í hverfinu. Sérstök áhersla er lögð á listaverk á svæðum sem eru skilgreind sem almenn leik- og dvalarsvæði, þ.e. þemavellir og andrými. Haft skal að leiðarljósi að skapa örvandi umhverfi fyrir alla aldurs- og þjóðfélagshópa.

Listamenn sem veljast til þátttöku í samkeppninni hafa aðgang að upplýsingum og ráðgjöf frá hönnunarteymi arkitekta, landslagsarkitekta og verkfræðinga sem útfæra almenningsrými og götur Vogabyggðar.

Dagur B. Eggertsson